

Süss gegn Þýskalandi

Dómur frá 10. nóvember 2005

Mál nr. 40324/98

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Umgengnisréttur.

1. Málsatvik

Kærandi, Werner Süß, er þýskur ríkisborgari, fæddur 1940 og búsettur í Berlín.

Árið 1989 yfirgaf eiginkona kæranda hann og tók dóttur þeirra með sér. Skilnaðarmál þeirra var höfðað fyrir dómstólum og gerðu aðilar nokkrum sinnum samkomulag þar sem kæranda var veitt umgengnisréttur við dóttur sína. Í dóminum í skilnaðarmálinu var fyrrverandi eiginkonu kæranda veitt forsjá dóttur þeirra, sem þá var 10 ára og umgengnisréttur kæranda felldur niður. Var dómurinn byggður á skýrslum sálfræðinga og óskum stúlkunnar sjálfar. Kærandi hitti dóttur sína síðast í desember 1992 en í kjölfarið tók móðir hennar fyrir alla umgengni kæranda við dóttur þeirra. Í nóvember 2002 varð dóttir kæranda lögráða.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að dómurinn í skilnaðarmálinu þar sem felldur var niður umgengnisréttur hans og málsmeðferðin fyrir dómnum hefði brotið gegn réttindum hans skv. 8. gr. og 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að ákvörðun þýskra dómstóla að fella niður umgengnisrétt kæranda við dóttur sína hefði verið tekin með hagsmuni barnsins í huga að teknu tilliti til erfiðra samskipta foreldranna sem verið hefðu þungbær fyrir stúlkuna og leitt til þess að hún hafði hafnað föður sínum. Dómstóllinn taldi því að þýskir dómstólar hefðu byggt ákvörðun sína á viðeigandi og fullnægjandi forsendum.

Dómstóllinn taldi einnig að málsmeðferð þýskra dómstóla hefði verið sanngjörn og aflað hefði verið nægilegra upplýsinga til grundvallar ákvörðun um umgengni kæranda við barn sitt. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið á 8. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn sá ekki neitt í gögnum málsins sem studdi ásökun kæranda um að ákvörðun dómstóla væri handahófskennd, ósanngjörn eða byggð á fordómum. Var það því niðurstaða dómstólsins, hvað varðaði þau sérstöku álitamál sem kynnu að hafa risið skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, að ákvæðið hefði ekki verið brotið.